

STREYMI FRÁ TÓNLEIKUM OG ÖÐRUM VIÐBURÐUM

Sérstök verðskrá fyrir streymi tónleika.

Gildir tímabundið vegna COVID-19 (til 31. des. 2021)

- A) Ef höfundurinn sjálf/ur ber ábyrgð á streyldum tónleikum og viðkomandi er höfundur allrar þeirrar tónlistar sem er streyld, eru ekki greidd höfundaréttargjöld af streyldinu (undir þetta fellur t.d. „live-stream“ á Facebook, Instagram og YouTube). Ef verk eftir fleiri tónhöfunda eru flutt á slíkum tónleikum (þ.á.m. á ofangreindum veitum), skal greitt **lágmarksgjald kr. 4.000** fyrir einstaka tónleika.
- B) Fyrir streymistónleika sem *ekki* falla undir ofangreint skal — burtséð frá því hvort streymid er beint eða gert aðgengilegt eftirá og streymt skv. pöntun (on-demand) — skal greiða:
- Af heildartekjum að einstökum tónleikum eða tónleikaröðum allt að kr. 6.000.000 skal greiða **4,24%**. Af tekjum umfram kr. 6.000.000 skal greiða **2,65%**.
 - Með heildartekjum er m.a. átt við styrki, kostanir, miðasölu, frjáls framlög í gegnum þjónustuveitur eins og Aur/Kass, sem og aðrar tekjur.
 - Aldrei skal þó greidd lægri fjárhæð en sem nemur **kr. 0,76** fyrir hverja streymda mínútu af tónlist á hvern hlustanda. Uppsafnað áhorf gildir hvað varðar fjölda áhorfenda (burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymid). Dæmi: 1.000 áhorfendur hlusta á 60 mínútna tónleika þýðir höfundaréttargjöld upp á 45.600 kr.
- C) Fyrir streymi af hálfu fyrirtækja, stofnana eða samtaka, sem þó eru **ekki eða lítið tekjuskapandi**, skal reikna lágmarksgjald af streyldinu skv. annarri hvorri neðangreindra aðferða, sem gefur hærri niðurstöðu fyrir STEF.
- **10%** af framleiðslukostnaði/kostnaðaráætlun viðburðarins, **eða**
 - **0,76** kr fyrir hverja streymda mínútu af tónlist. Uppsafnað áhorf gildir hvað varðar fjölda áhorfenda (burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymid). Dæmi: 1.000 áhorfendur hlusta á 60 mínútna tónleika þýðir höfundaréttargjöld upp á 45.600 kr.
- D) Þegar hljóð og mynd er skeytt saman á varanlegan hátt og slíkt er gert aðgengilegt almenningi, er um hljóðsetningu að ræða og þarf þá að greiða sérstakt hljóðsetningargjald. Tónleikar sem streymt er beint bera ekki slíkt hljóðsetningargjald. Vilji tónleikahaldari hafa tónleikana áfram aðgengilega eftir á, á netinu til að hægt sé að horfa á þá síðar getur hann bætt við leyfið til opinbers flutnings, leyfi fyrir hljóðsetningu. Hljóðsetningar gjald er reiknað sem **10% álag** ofan á ofangreint höfundaréttargjald fyrir opinberum flutningi. Athygli er vakin á því að ekki þarf að greiða sérstakt hljóðsetningargjald ef tónleikarnir eru eingöngu aðgengilegir á YouTube, Facebook eða Instagram.

E) Fyrir aðra streymda viðburði en tónleika s.s. eins og árshátíðir eða aðrir mannfagnaðir skal greiða 4,24% að aðgangseyri. Aldrei skal þó greidd lægri fjárhæð en hér greinir og sem miðast við fjölda áhorfenda. (Uppsafnað áhorf gildir hvað varar fjölda áhorfenda, burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymið).

- Ef áhorfendur eru 100 eða færri kr. 6.114
- Ef áhorfendur eru 101-200 kr. 18.341
- Ef áhorfendur eru 201-300 kr. 27.512
- Fyrir hvert byrjað hundrað yfir 300 kr. 8.407

F) Ekki eru greidd nein höfundaréttargjöld af góðgerðartónleikum sem ætlað er að safna fé til tiltekins málefnis, svo lengi **sem allir aðrir sem koma að tónleikunum falla frá kröfum um greiðslu**, en þá er ekki einungis átt við flytjendur, heldur einnig tónleikastaðinn, tækniaðstoð og leigu á tilheyrandi búnaði.